

**Mataræði** getur haft áhrif á einkenni. Mælt er með því að forðast fæðu sem getur valdið niðurgangi t.d. kaffi, áfengi, mjólkurafurðir og kryddaðan eða feitan mat.

Þér er velkomið að hafa samband við deildina ef eitthvað kemur upp á eftir að heim er komið.

Símanúmer

Landspítali ..... Sími: 543 1000

Smitsjúkdómadeild A-7..... Sími: 543 6770

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítalinn er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:  
 LANDSPÍTALI, LYFLÆKNINGASVIÐ I  
 SMITSJÚKDÓMADEILD A-7  
 FEBRÚAR 2008

HÖFUNDIR:  
 BERGLIND GUBRÚN CHU HIJÚKRUNARFRÆÐINGUR

ÁBYRGÐARMADUR:  
 STEFANÍA ARNARDÓTTIR DEILDARSTJÓRI

FAGLEG RÁÐGIÖF:  
 MAGNÚS GOTTFREDSSON YFIRLÆKNIR SMITSJÚKDÓMAEILDAR  
 ÁSDÍS ELFARSDÓTTIR SÝKINGAVARNAHIJÚKRUNARFRÆÐINGUR  
 SIGRÍÐUR ANTONSDÓTTIR DEILDARSTJÓRI SÝKINGAVARNAEILDAR

HÖNNUN:  
 KYNNINGARMÁL LSH/ÁIC

## Niðurgangur af völdum bakteríunnar Clostridium difficile



---

Í þessum bæklingi eru almennar upplýsingar um einkenni og meðferð vegna niðurgangs af völdum bakteríunnar *Clostridium difficile*. Ef eitthvað er óljóst eða spurningar vakna hvetjum við þig til að leita til hjúkrunarfræðinga og lækna þinna sem munu greiða úr því.

## Hvað er *Clostridium difficile*?

Um er að ræða bakteríutekund sem getur verið hluti af eðlilegri þarmaflóru hjá u.þ.b. 3% heilbrigðra einstaklinga. Talið er að allt að 20-40% sjúklinga sem dvelja lengi á sjúkrahúsi geti verið með bakteríuna í ristli. Ef bakterían nær að fjölga sér og mynda eiturefni er talað um sýkingu. Sýkingin getur verið af völdum eigin ristilflóru einstaklingsins og kemur hún þá oftast í kjölfar sýklalyfjanotkunar eða að smit hefur borist milli manna.

## Smit

Bakterían dreifist með snertingu. Hún myndar harðgera spora eða dvalargró sem geta lifað lengi í umhverfinu (t.d. í fatnaði, rúmfatnaði og á salernum) og borist í fólk. Smitefnið er í saur og er smithættan mest á meðan fólk er með niðurgang.

---

Þar sem bakterían smitast með snertingu er **handþvottur** áhrifaríkasta leiðin til að hindra dreifingu hennar. Sérstaklega er nauðsynlegt að þvo sér um hendurnar með vatni og sápu eftir allar salernisferðir. Handspritt er ekki jafnvirkt og handþvotturinn til að fjarlægja sporana (dvalargróin).

## Einkenni

- Einkenna verður yfirleitt vart á 4.-9. degi sýklalyfjameðferðar.
- Illa lyktandi niðurgangur, sem getur verið slímugur og stöku sinnum blóðugur
- Kviðverkir
- Hiti
- Munnþurrkur, þurrar slímhúðir

## Áhættuþættir

- Sýklalyfjameðferð
- Dvöl á sjúkrahúsi og/eða nábýli við sýktan einstakling
- Hár aldur
- Veiklað ónæmiskerfi

---

## Greining

Eiturefni bakteríunnar eru greind í saursýni og tekur yfirleitt einn sólarhring að fá niðurstöður. Einnig er í einstaka tilfellum stuðst við sneiðmynd af kvið og speglanir til greiningar.

## Einangrun

### Hvenær?

Sjúklingur skal vera í einbýli með sér salerni meðan niðurgangurinn varir.

### Hlífðarfatnaður

Allir sem koma inn í stofu til sjúklings með niðurgang eiga að vera með hanska. Þeir sem annast sjúklinginn þurfa að vera í ermalöngum sloppi og e.t.v. með svuntu. Þetta er gert til að hindra dreifingu smits.

## Meðferð

Við greiningu er yfirleitt hafin sýklalyfjameðferð sem beinist gegn bakteríunni. Algengasta lyfjameðferðin eru töflur í 10-14 daga en í einstaka tilfellum þarf að gefa lyf í æð.

**Meðferð vegna einkenna** er stundum nauðsynleg, svo sem vegna þurrks, verkja og veiklaðrar húðar við endaparm. Niðurgangur er mjög ertandi fyrir húðina og því þarf að vera á varðbergi gagnvart þessum einkennum. Oft er notaður áburður með sinki til að verja húðina, en hann hrindir frá raka og ver húðina.